



ÚRVINNSLUSJÓÐUR

Alþingi
Erindi nr. P 139/1068
komudagur 3.1.2011

Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík
sími 517 4700
fax 517 4709
www.urvinnslusjodur.is
urvinnslusjodur@urvinnslusjodur.is

Nefndarsvið Alþingis
Umhverfisnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 31. desember 2010

Umsögn: Frumvarp til laga um um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs, nr 55/2003, með síðari breytingum

Úrvinnslusjóður hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs. Stjórn sjóðsins hefur fjallað um frumvarpið og mun takmarka umsögnina við þau atriði sem snerta hlutverk sjóðsins sem stýrinefnd raf- og rafeindatækjaúrgangs.

Í 13. gr. er kveðið á um að verkefni stýrinefndar færist til Úrvinnslusjóðs. Samstarf hefur verið milli núverandi stýrinefndar og Úrvinnslusjóðs um verkefni stýrinefndar þannig að segja má að nú þegar sé hafinn undirbúningur að því að sjóðurinn taki þetta hlutverk að sér. Stjórn Úrvinnslusjóðs telur að umorða þurfi og skýra betur þann hluta greinarinnar þar sem kveðið er á um hlutverk Úrvinnslusjóðs og stjórnar sjóðsins. Þar segir: „Úrvinnslusjóður, sbr. lög nr. 162/2002, um úrvinnslugjald fer með hlutverk stýrinefndar. Hlutverk stjórnar Úrvinnslusjóðs samkvæmt lögum um úrvinnslugjald er ekki á ábyrgð stýrinefndar“. Mikilvægt er að skilin milli Úrvinnslusjóðs og stýrinefndar séu eins skýr og unnt er og orðalag ótvírætt.

Bent er á að fjórir af fimm stjórnarmönnum eru fulltrúar samtaka sem gert er ráð fyrir að sendi umsögn um frumvarpið og munu sjónarmið þeirra koma fram þar.

Ólafur Kjartansson

framkvæmdstjóri, Úrvinnslusjóðs